

Mál nr.516/2024

Lagning ljósleiðara frá Búrfellsstöð að Hvammsvirkjun

Reykjavík 14.05.2024

Umsögn Landverndar um beiðni Orkufjarskipta um framkvæmdaleyfi til að leggja ljósleiðara og rafstreng væntanlegri virkjun.

Landvernd telur ekki tímabært að gefa út framkvæmdaleyfi til að leggja ljósleiðara og rafstreng frá Búrfellsstöð að Hvammsvirkjun, fyrr en skorið hefur verið úr því fyrir dómstólum hvort virkjunin verði að veruleika. Í fyrra felldi úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála virkjunarleyfi Orkustofnunar úr gildi með vísan til laga um stjórn vatnamála. Þau lög hafa ekki breyst frá úrskurði því OR gaf leyfið út, en engu að síður hefur Umhverfisstofnun nú leyft að gerðar verði breytingar á Þjórsá, svo hægt sé að framkvæmdaleyfi út aftur. Landeigendur við Þjórsá hafa kært niðurstöðu Umhverfisstofnunar. Og telja að ákvörðun Umhverfisstofnunar standist ekki lög, hvorki stjórnisýslulög og lög um stjórn vatnamála og vilja fá hana fellda úr gildi. Leyfið var áður gefið út í fyrra, en stóðst þá ekki lög um stjórn vatnamála gagnvart úrskurðarnefnd. Ekkert hefur breyst í lagaumhverfinu síðan þá og er því eðlileg varúðarráðstöfun gagnvart hagsmunum almennings í sveitarfélaginu að doka við bíða niðurstöðu málsins sem fær flýtimeðferð fyrir dómstólum.

Orkufjarskipti hf óskar eftir framkvæmdaleyfi til lagningar á ljósleiðara og rafstreng frá Búrfellsstöð að væntanlegri Hvammsvirkjun. Lögnin er ca. 18,5 km löng og er í samræmi við sýnda lagnaleið í aðalskipulagi sveitarfélagsins. Rafstrengur og 20 mm rör fyrir ljósleiðara verður plægt í jörðu, nema á nokkrum stöðum þar sem jarðvegur er grófur, þar verður grafið. 5-6 tengibrunnar verða aðgengilegir á leiðinni til viðhalds og eftirlits.

Fyrir hönd Landverndar,

Þorgerður M Þorbjarnardóttir

Formaður